

Alþingi
Erindi nr. P 135/2641
komudagur 13.5.2008

Iðnaðarnefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. maí 2008
2008040013/42-1-3
sb/gg


Umsögn um þingsályktunartillögu um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði

Vísað er til bréfs Iðnaðarnefndar Alþingis dags. 17. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint mál.

Tilfni þingsályktunartillögunnar er að í undirbúningi er hjá iðnaðarráðuneytinu að bjóða út olíuleit á Drekasvæði haustið 2008 og að gera má ráð fyrir að olíuleit hefjist þar árið 2009. Sveitarfélögin Langesbyggð og Vopnafjarðarhreppur hafa ákveðið að stofna sameiginlegt fyrirtæki sem á að kanna hvort innanverður Bakkaflói henti undir þjónustuhöfn í þessu skyni.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með samþykkt tillögunnar að því tilskildu að til ~~þess~~ viðbótar við rannsóknir sem beinast að hafnarmannvirkjunum sem slíkum og þarfagreiningu þjónustumiðstöðvarinnar verði ráðist í náttúruvarsúttekt á Bakkaflóasvæðinu en engin heildarúttekt hefur farið fram á lífríki þess, t.d. með tilliti til dreifingar fugla. Langesbjörgin við utanverðan Bakkaflóa og Viðvíkurbjörg á Digranesi hýsa umtalsverðar sjófuglabyggðir og í Miðfirði er eitt þéttasta æðarvarp landsins.

Virðingarfyllt


Guðmundur Guðmundsson
Staðgengill forstjóra

